

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1092*  
*komudagur 20.2.2012*

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Háskólans á Hólum um frumvarp til laga um háskóla, 468. mál.

Háskólinn á Hólum fagnar frumvarpinu og telur að margt sé til bóta í því. Eftirfarandi eru sérstakar athugasemdir skólans við þrjár greinar frumvarpsins:

10. gr. Hér er lagt til að háskólarektor skuli uppfylla kröfur 1. mgr. 18. gr. til að bera starfsheitið dósent eða prófessor á einu eða fleiri fræðasviðum viðkomandi háskóla. Í athugasemdum við frumvarpið er bent á að þetta sé í samræmi við löggjöf annarra norræna landa, þar sem að jafnaði, er mælt fyrir að háskólarektor skuli hafa hæfi til að gegna kennslustöðu við háskóla. Háskólinn á Hólum er þessu algjörlega sammála, en leggur til að breytingin verði efnislega á þann veg að rektor skuli hafa doktorspróf og að hann skuli uppfylla aðrar kröfur 1. mgr. 18. gr. sem háskólakennari, en ekki verði afmarkað við dósent- og prófessorshæfi eins og nú er lagt til. Íslenskir háskólar hafa ekki fullkomlega samræmdar reglur um hvernig meta skuli hæfi dósent- og prófessora og því gæti verið um mismunandi kröfur við mismunandi háskóla. Því sé réttara að notast við orðið „háskólakennari“ í breytingatillögu frumvarpsins heldur en einstök starfsheiti, svo sem dósent og prófessor.

12 gr. Hér er kveðið á um að doktorsmenntun eða ígildi hennar sé nauðsynleg til að gegna stöðu sérfræðings, lektors, dósent- og prófessora. Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að þetta sé m.a. tíðkað í löggjöfum um háskóla hjá öðrum Norðurlöndum. Þetta er eðlileg krafa í langflestum þeim fræðigreinum sem stundaðar eru í háskólum. Þó má benda á greinar þar sem þessi krafa á síður við og nauðsynlegt er að taka tillit til annarrar menntunar og reynslu. Þetta á sérstaklega við um listir og einnig má nefna greinar sem tengjast íþróttum eða blöndu lista og íþróttum. Þetta á t.d. við um hestamennsku og reiðlist sem kennd er við Háskólann á Hólum. Háskólinn á Hólum leggur til að sett verði fram undanþáguákvæði í þessari grein frumvarpsins þar sem vísað er sérstaklega til þeirra faggreina sem krafa um doktorspróf á síður við.

14 gr. Hér er kveðið á um að felldur verði út liður um „fjárframlög og greiðslur úr ríkissjóði fyrir nám sem skilgreint er sem sí- og endurmenntun“. Þrátt fyrir þau rök sem bent er á í athugasemdum við frumvarpið telur Háskólinn á Hólum að rétt sé að heimild sé í lögum fyrir greiðslum vegna sí- og endurmenntunar. Um er að ræða mikilvæga þjónustu háskóla sem vissulega hefur oft burði til að vera sjálfbær í rekstri, en í vissum tilfellum er eðlilegt að ríkið leggi til fjármagn, t.d. til uppbyggingar endurmenntunardeilda. Það skal þá sérstaklega metið í hverju slíku tilviki.

.....  
.....